

„Frönskufraeðingarnir hafa ekki náð að spilla þér“

Viðtal við frönsku málvísindakonuna
Henriette Walter

Henriette Walter var stödd hér á landi í september 2015 til að taka þátt í fundi alþjóðlegrar ráðgjafanefndar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Hún er einn af frægustu og vinsælustu málvísindamönnum Frakklands. Henriette Walter er heiðursprófessor í málvísindum við Haute-Bretagne-háskólann, fyrrverandi stjórnandi rannsóknastofunnar í hljóðkerfisfræði í París (Laboratoire de Phonologie EPHE, 4e Section) og forseti alþjóðasambands formgerðarmálvísinda. Hún situr í efri ráðgjafanefnd franskrar tungu (*Membre du Conseil Supérieur de la langue française*) og er einnig meðlimur í alþjóðlegri ráðgjafanefnd um franska tungu (*Membre du Conseil International de la Langue*). Hún var náinn samstarfsmaður André Martinets, eins af forkólfum formgerðarstefnunnar í málvísindum, og samdi ásamt honum hina frægu orðabók um franskan framburð eins og hann birtist í raunverulegri málnotkun, *Dictionnaire de la prononciation française dans son usage réel*. En Henriette Walter er ekki bara þekkt fyrir rannsóknir sínar í hljóðkerfisfræði heldur líka sem höfundur margra bóka um orðaforða og sögu evrópskra mála, sem ætlaðar eru almenningi. Með þessum verkum vill hún sýna að allir geta fengið brennandi áhuga á málvísindum, ekki bara fræðimenn eða þeir sem tala að minnsta kosti tíu tungumál

reiprennandi. Áhuginn kviknar þegar maður áttar sig á því hversu fjölbreytileg, einstök og auðug tungumálin eru almennt. Til þess þurfum við að sjá tungumálin í öðru ljósi, laus við þær klisjukenndu hugmyndir sem við gerum okkur oft um þau. Henriette Walter er sérlega snjöll í því að dýpka sýn og þekkingu okkar á tungumálum á auðskiljanlegan og aðgengilegan hátt. Hún sýnir okkur til dæmis með einföldum dæmum hversu mikilla áhrifa frá frankísku gætir í frönsku, sem er þar af leiðandi líkari germönskum málum en önnur rómönsk tungumál. Þannig minnkar í huga okkar bilið á milli þessara tveggja málagreina, þeirrar germönsku og þeirrar rómönsku. Walter sýnir okkur einnig hvernig latínan, þrátt fyrir að vera dautt tungumál, hefur enn áhrif á lifandi mál með gífurlegum fjölda tökuorða sem smjúga inn í daglegt mál okkar án þess að við gerum okkur grein fyrir því. Hver veit til dæmis að orð eins og *agenda* [dagbók], *lavabo* [vaskur] eða *quiproquo* [misskilningur] eru í raun og veru hrein latína? Jafnvel nútímagríska, arftaki forngrískrar menningar sem Rómverjar litu einkum til sem fyrirmyndar, er nú á dögum opin fyrir latneskum áhrifum. Henriette Walter undirstrikar gjarnan líka hvað franskan og enskan, sem fjölmiðlar fjalla oft um sem erkióvini, eru í raun og veru líkar og hvernig þær þróuðust saman um langt skeið. Tilgangur bóka Henriette Walter er þó ekki endilega að frelsa hug lesandans frá ranghugmyndum um tungumálin heldur miklu frekar að sýna okkur að þegar við heyrum talað um auðlegð og fjölbreytni ensku, frönsku, katalónsku eða arabísku megum við ekki gleyma að þessi auðlegð byggist fyrst og fremst á málhæfni, gáfu sem gerir mannum kleift að nefna fyrirbæri og breyta þeim eins oft og mikið og hann vill.

Ég hitti Henriette Walter daginn fyrir fyrsta fund ráðgjafanefndarinnar og spurði hana um ástríðu hennar fyrir tungumálum.

FH: Hvaðan kemur þessi ástríða fyrir tungumálum og málvísindum?

HW: Ég fæddist í Túnis sem er fjöltyngt land. Faðir minn var ítalskur, móðir mín frönsk. Ég talaði ítölsku í skólanum og frönsku heima. Önnur mál sem ég heyrði reglulega í kringum mig voru maltneska og arabíska. Jafnvel þótt ég lærði ekki arabísku í skólanum heyrði ég hana úti á götu eða á mörkuðum. Seinna, þegar ég var að skrifa bók um hana, gerði ég mér grein fyrir að ég kunnist þetta mál mun betur en ég hafði ímyndað mér. Með því að vera í daglegum tengslum við þessi tungumál var ég strax frá bernsku meðvituð um fjölbreytni tungumála og mér var ljóst sem barni að hlutir og fyrirbæri gætu heitið ólíkum nöfnum og að hægt væri að tjá tilfinningar á mismunandi hátt. Frá Túnis flutti ég til Frakklands þar sem ég stundaði nám í ensku. Ég fór til London til að þreyta próf alþjóðlega hljóðfræðifélagsins. Að prófinu loknu sagði kennarinn við mig: „Þú ert með einstaka heyrnargáfu, haltu áfram með hljóðfræðina!“ Síðan spurði hann hvað ég hefði fyrir stafni. Þegar ég sagði honum að ég byggist í Frakklandi lagði hann áherslu á að ég hitti André Martinet, sem ég svo gerði. André Martinet bað mig að skrifa ritgerð um ítölsku, nánar tiltekið um lokhljóðaframburð í mállýsku frá Toscana.

FH: Hvað fannst þér mest spennandi eða hvaða kosti sástu fyrst og fremst í formgerðarstefnunni í málvísindum, sem André Martinet var einn af upphafsmönnum að?

HW: Mér fannst áhugavert að byggja rannsóknir á áþreifanlegum gögnum og einnig að hafa bein tengsl við málnotendur. Þetta tvennt fannst mér mjög mikilvægt þegar ég gerði könnunina um raunverulegan framburð á frönsku. Fyrsta áhugasvið mitt í málvísindum var þess vegna hljóðkerfisfræðin en sú grein er ströng, alvarleg og með föstum reglum sem skapa lítið rými fyrir innsæið, andstætt merkningarfræðinni. André Martinet var stórt nafn í málvísindum á

Þessum tíma. Seinna kom Noam Chomsky, faðir málkunnáttufræðinnar, en þá hvarf áhuginn á að rannsaka áþreifanleg gögn.

FH: Þú hefur einnig mikinn áhuga á gerð og sögu orðaforðans. Þú samdir til dæmis bækur um uppruna heita á spendýrum, fuglum, fiskum og plöntum. Hvaðan kom hugmyndin að því að rannsaka uppruna slíkra orða ?

HW: Það var vísindamaðurinn Pierre Avenas, samstarfsmaður minn og samhöfundur, sem hvatti mig til þess. Eitt sinni var okkur boðið á ráðstefnu spendýrafræðinga til að flytja erindi um uppruna spendýraheita. Það kom mér mjög óvart hvað raunvísindamennirnir í salnum höfðu mikinn áhuga á orðsifjum. Í augum þeirra er spendýraheiti fastákveðið og krefst engrar skýringar en þegar þessum vísindamönnum er sagt frá uppruna heitisins og hvað sama spendýrið heitir á mismunandi tungumálum þá er eins og ný sýn á það ljúkist upp fyrir þeim. Ég hygg að rannsóknir á uppruna vísindaheita hjálpi fólki almennt til að skilja betur raunvísindin.

FH: Hvernig þróaðist hugmyndin um að gefa út bækur um uppruna vísindaheita?

HW: Þetta byrjaði þegar Pierre Avenas hafði samband við mig einn dag til að segja að hann hefði rannsakað uppruna spendýraheita og væri að velta fyrir sér hvort hann gæti gefið út bók um það efni. Ég svaraði að það væri ekki hægt. Verk hans var samið eins og ritgerð en til að búa til bók úr því þurfti að laga það verulega. Það þurfti að bjóða lesandanum efni sem gæti vakið forvitni hans á faginu án þess að hann fengi það á tilfinninguna að hann væri ekki nógu klár til þess að skilja. Það er ekki gott að hlaða of miklum upplýsingum í huga lesandans, jafnvel þótt allar þessar upplýsingar séu réttar út frá sjónarmiði vísindanna. Til að miðla lesandanum löngun til að vita meira um fagið er mikilvægt

að segja ekki of mikið þannig að ímyndunaraflið fái svigrúm til að starfa. Ef maður segir of mikið deyr andi bókarinnar. Fag eins og líffræði getur virkað fráhrindandi ef það er sett fram á of fræðilegan hátt fyrir lesandann. Hann finnur fyrir vanmætti af því að hann veit ekki nóg til að skilja verkið. Eitt sem virtist nauðsynlegt til að breyta hinni fögru ritgerð Pierre Avenas í bók fyrir almenning var að takmarka fjölda spendýraheita sem fjallað var um og annað var að blanda saman vísindalegum útskýringum og frásögnum sem tengjast heitunum. Okkur fannst til dæmis tilvalið að segja frá hvernig heitin væru notuð í bókmenntum, í þjóðsögum eða sem mannanöfn.

FH: Þú virðist meta mikils fjölbreytileika franskrar tungu. Geturðu sagt okkur hvernig þú gerir málvísindarannsóknir á svæðisbundnum mállýskum í Frakklandi. Hvernig safnar þú gögnum?

HW: Ég kenndi í mörgum háskólum í Frakklandi og þannig komst ég í tengsl við nemendur frá mörgum mállýskusvæðum. Til að gera kannanir á tilbrigðum í hljóðum og merkingu samdi ég spurningalista sem ég fékk nemendum mínum í hendur. Þeir dreifðu spurningalistunum til foreldra, ömmu og afa eða til vina sinna. Með þessum hætti rannsakaði ég til dæmis mállýskuna í Mauges.

FH: Hvar er Mauges?

HW: Mauges er landssvæði á milli frönsku borganna Angers og Cholet. Franskan sem þar er töluð einkennist af einu mjög sérstöku sérhljóði sem er hvergi annars staðar til í Frakklandi. Þetta sérhljóð er miðmælt, þanið og ókringt. Það kemur til dæmis fram í þátíðarendingum, eins og í *était* [var], eða í lýsingarhætti þátíðar, eins og í *blessé* [særður]. Ég var fyrsti hljóðkerfisfræðingurinn sem uppgötvaði þetta sérhljóð í franskri mállýsku.

FH: Er hægt að fullyrða að Frakkland í dag sé fjöltyngt land? Heldur þú að mállýskurnar í Frakklandi eigi enn möguleika á að dafna?

HW: Áhugi á varðveislu svæðisbundinna mállýskna er ekki jafn sterkur alls staðar í Frakklandi. Á Bretagne-skaganum voru stofnuð félög sem sjá um að skipuleggja atburði þar sem börn og eldra fólk hittist. Þannig venjast börnin málfari eldri kynslóðanna sem er enn mjög litað af bretónsku, ef það er þá ekki hrein bretónska. Það er eitthvað sérstaklega athyglisvert í þessari viðleitni því þarna er ungu fólk boðið að taka þátt. Þetta sýnir að endurlífgun bretónskunnar varðar ekki bara háskólaelítuna.

FH: Á þessi slæma staða mállýskna í Frakklandi kannski rætur að rekja til frönsku byltingarinnar?

HW: Á tímum byltingarinnar reyndu menn að útrýma öllum tungumálum Frakklands öðrum en frönsku en tókst það ekki meðal annars vegna skorts á kennurum sem kunnu frönsku nægilega vel til að geta kennt hana börnum úti á landi. Ég held að staða mállýsknanna í Frakklandi hafi einkum farið að veikjast eftir fyrri heimsstyrjöldina. Í byrjun stríðsins mynduðust hersveitir á hverju landsvæði fyrir sig. Hermennirnir gátu leyft sér að tala sína mállýsku án þess að óttast að verða misskildir. En þegar blóðsúthellingarnar hófust var ekki lengur nóg af mannskap á hverjum stað til að fylla hersveitirnar. Þá þurfti að kveðja karlmenn frá öðrum landshlutum í herinn. Menn gátu ekki lengur tjáð sig bara á sinni eigin mállýsku. Í stað þess þurftu þeir að tala frönskuna sem þeir höfðu lært í ríkisskólum (í Frakklandi var skólaskylda frá 1881 og skólaganga ókeypis). Eftir stríðið héldu menn áfram að tala þá frönsku heima hjá fjölskyldunni og þannig breiddist hún út á kostnað mállýsknanna.

FH: Þykir Frökkum vænt um mállýskurnar sínar?

HW: Sumum Frökkum finnast mállýskur mikilvægar en öðrum ekki. Þessi ólíka afstaða til fjöltyngis hefur alltaf einkennt franskt samfélag. Á 18. öld gerði Grégoire ábóti (*l'Abbé Grégoire*) umfangsmikla könnun á frönskukunnáttu Frakka. Ein spurninganna sem hann lagði fyrir fólk var þessi: „Hvaða áhrif hefði það á þig ef mállýskan þín hyrfi alveg?“ Sumir svörðu að þeim yrði alveg sama, en aðrir að með hvarfi mállýskunnar myndu þeir tapa sólinni, náttúrunni, lífinu – öllu. Enn í dag þykir sumum Frökkum líka mjög vænt um allt sem einkennir lífið á landsbyggðinni: náttúruna, veðurfarið, matargerðina, framburðinn, sérstaka orðnotkun og öðruvísi málfræði. Allir þessir þættir eru hluti af táknrænni mynd af sveitamenningunni og þessi mynd stuðlar óbeint að varðveislu mállýsknanna. Jafnvel stjórn­mál­amenn hafa sýnt jákvæða afstöðu til mállýsknanna. Fyrir nokkrum árum barðist málvísindamaðurinn Bernard Cerquiglini til dæmis fyrir því að Franska málnefndin (*Délégation générale à la langue française*), sem hann sat í, yrði kölluð Málnefnd frönsku og annarra tungumála Frakk­lands (*Délégation générale à la langue française et aux langues de France*). Hann var gagnrýndur fyrir þessa tillögu en honum tókst samt að gera þessa breytingu og hún skiptir máli. Þannig má segja að óskinn um að viðhalda fjölbreyti­leikanum í tungumálinu sé til staðar í Frakklandi, en er það nóg?

HW: Myndirðu lýsa sjálfri þér sem baráttukonu fyrir varð­veislu mállýsknanna?

HW: Ég lít ekki á mig sem stjórn­mál­mann og mig langar ekki til að valda deilum þegar ég ver skoðanir mínar. En ég veit að með því að miðla þekkingu minni í málvísindum til annarra get ég haft áhrif á deilurnar. Tímaritið *Figaro Magazine* bauð mér eitt sinn að spjalla við Jean-Luc Mélançon, sem er sannur vinstrimaður og algjörlega á móti öllum tillögum sem stuðla að varðveislu mállýsknanna. Í hans augum tilheyra mállýskur fortíðinni en stjórn­mál eiga

einungis að snúast um nútíðina. Í spjallinu sagði ég honum frá sögu mállýsknanna. Auðvitað gat ég ekki breytt afstöðu hans í tungumálapólitíkinni en hann játaði samt eftir samtalið að hafa uppgötvað nýja hlið á mállýskunum og að það væri mikilvægt fyrir stjórnámamann eins og hann að hitta málvísindamann eins og mig. En svo er önnur ástæða fyrir því að ég á auðvelt með að fá fólk til að hlusta á skoðanir mínar. Fólk lítur ekki á mig sem frönskusérfræðing. Ég fæddist í Túnis, handan Miðjarðarhafsins, og fyrstu tungumálin sem ég rannsakaði voru enska og ítalska. Þess vegna finnst fólk þetta vera hlutlausari en aðrir málfræðingar og þar af leiðandi á ég greiðari aðgang að því.

FH: Heldur þú að enska ógni alþjóðlegu vægi franskrar tungu?

HW: Það má ekki gleyma þegar menn tala um samkeppni á milli frönsku og ensku að þessi tungumál eiga sameiginlegar rætur. Það er alkunna að frönsk orð skipa stóran hluta enska orðaforðans. Fyrr á öldum fannst enska aðalínum fínt og glæsilegt að nota frönsk orð í máli sínu og það hefur ekki breyst. Að skjóta frönskum orðum inn í enskar eða þýskar setningar hljómar ennþá *chic*. Aftur á móti hljóma enskar slettur í frönsku ekki sérstaklega glæsilega. Slíkt táknar nútímalegt málfar sem segir að maður sé „in“ en ekki að maður sé *chic*. Ég held að franskan sé ennþá svolítið flott í augum flestra. Hún skín kannski ekki jafn sterkt og áður en hún skín samt. En jafnvel þótt franskan sé á undanhaldi í sumum löndum má ekki kenna gerð hennar um það því á öðrum stöðum nær hún fram og þar er notkun hennar krafist. Sjáið til dæmis í Alsír þar sem unga kynslóðin krefst þess að franska verði opinbert mál. Einu sinni var mér boðið í heimsókn til Ghana og þar sá ég líka hvað fólk hafði mikinn áhuga á að læra frönsku, þrátt fyrir að landið sé fyrirverandi bresk nýlenda. Ástæðan er sennilega sú að í kringum Ghana eru mörg frönskumælandi lönd sem Ghana-búar vilja auka tengsl við. Á heildina litið er ég ekki

sammála þeim fjölmörgu sem segja að notkun frönskunnar í heiminum sé stöðugt að minnka. Annað sem má að nefna í þessu samhengi varðar enskuna: það er ekki bara ein ensk tunga töluð nú á dögum heldur margar, enska í Ameríku, enska í Ástralíu, í Kanada o.s.frv. Svo bætist við þessi alþjóðlega enska sem margir segja að „allir“ tali. Sú enska er ekki endilega vel metin af Englendingum. Mér var sagt til dæmis að meðal starfsmanna Evrópusambandsins í Brussel sé mikið talað um andúð Englendinga á þessari ensku. Þeim finnst hún allt of „latínuskotin“, það er að segja að fjöldi latneskra nýyrða í henni sé allt of mikill. Það væri svolítið broslegt ef nýja heimsmálið líktist of mikið latínu, formóður frönskunnar.

FH: Varðandi latínuna, hvað finnst þér um það að latínukennsla sé smám saman að hverfa úr kennsluskrám menntaskólanna?

HW: Þær breytingar á námsskipulagi sem menn eru að fjalla um nú á tímum í franska þinginu tákna algjört banahögg fyrir fornmálakennslu. Ráðherrar fullyrða samt að latínun verði ennþá kennd eftir þessar breytingar en ég trúi því ekki. Þetta er sorglegt vegna þess að latínukennsla opnar börnum og unglingum leið til annarra rómanskra mála. Í gegnum hana geta þau borið saman rómönsku málin og athugað hvert þeirra hefur breyst mest frá tímum latínunnar. Þá dettur þeim í hug að önnur mál hafi haft áhrif á þróun þessara rómönsku mála, eins og arabísku sem breytti spænskunni eða frankísku sem breytti frönskunni. Svona öðlast börn máltilfinningu. Því má bæta við að latínunámið hjálpar börnum að auka móðurmálsorðaforðann því fransk- an er troðfull af latneskum nýyrðum. Þessi atriði reyndi ég að útskýra í bókinni minni *Minus, Lapsus et Mordicus, Nous parlons tous latin sans le savoir*. Það er mikilvægt að sýna börnum að latínun er mjög áberandi í frönskunni þó svo að hún sé útdauð. Ímyndið ykkur svo að gríska væri enn þá kennd í skólunum, þá gætu börnin uppgötvað hinar svoköll-

uðu tvímyndir (*doublets*), það að segja orðapör á frönsku eins og *polychrome* og *multicolore* sem bæði merkja ‘marglitur’ en eru ýmist af grískum eða latneskum uppruna.

FH: Margir þekkja þig sem höfund bókarinnar Franska út og suður (*Le français dans tous les sens*). Geturðu sagt hvernig áform um að skrifa þessa bók leit dagsins ljós?

HW: Þetta var fyrsta bókin mín sem var skrifuð fyrir hinn almenna lesenda. Ég skal segja frá hvernig þetta byrjaði. Áður hafði ég hjálpað syni mínum og tveimur vinum hans að skrifa bókina Tískustraumar fyrir foreldra, *Les mouvements de mode expliqués aux parents*. Hugmyndin með þeirri bók var að gera grein fyrir breytingum á málfari ungs fólks, nýjum orðum eða nýjum merkingum. Ég bað son minn að safna dæmum um slíkar málbreytingar og úr þeim yrði bókin til. En hann bað mig að hjálpa sér við að semja skilgreiningarnar. Bókin kom út og þegar stjórnendur forlagsins Robert Laffont sáu nafn mitt meðal höfunda höfðu þeir samband við mig og spurðu hvort ég væri til í að skrifa aðra bók um franska tungu. Ég hugsaði að þetta yrði erfitt fyrir mig því bækur frá Robert Laffont væru ætlaðar hinum almenna lesendahópi og ég væri ekki vön að skrifa á þann hátt. Ég bað um tveggja vikna frest til að ákveða mig. Eftir tvær vikur var ég komin með beinagrind að bókinni og nokkur textadæmi, meðal annars texta ásamt landakorti sem sýndi hvernig hugtakið *gólftuska* var tjáð í mállýskum Frakklands. Þeim fannst þetta lofa góðu, verkefnið fór af stað og þannig varð bókin til. André Martinet las kaflana yfir, gerði góðar athugasemdir og var mjög hjálpsamur. „Frönskufræðingarnir hafa ekki náð að spilla þér,“ sagði hann. Það var rétt því bókin fjallar ekki bara um málfræði og málnotkun heldur líka um mállýskur í Frakklandi og um frönsku í öðrum löndum. Í bókinni blanda ég sagnfræði, landafræði og meira að segja auglýsingagerð saman við lýsingar á frönskunni.

FH: Síðasta spurningin verður um framtíð franskrar tungu. Hvernig breytist franskan? Hverjir breyta henni?

HW: Það er fólk sem fæðist úti á landi og kemur til Parísar á fullorðinsárum til að vinna. Þetta fólk tekur mestan þátt í því að móta breytingar á frönskunni. Franska þessa fólks verður fyrir áhrifum af Parísarfrönskunni meðan á dvölinni í höfuðborginni stendur. En sú franska sem það talar hefur líka áhrif á málfar Parísarbúa. Þetta eru gagnkvæm áhrif. Og þegar þetta fólk snýr aftur heim miðlar það nýjungum í málfarinu til fjölskyldu og vina. Ég tel að franskan muni fyrst og fremst mótast með þessum hætti í framtíðinni.